

Skólabíll reglur



1. Skólabíll ekur samkvæmt leiðarlýsingu sem skólastjórn leggur fram og er bílstjóra aðeins heimilt að hleypa farþegum inn og út á merktum stoppistöðum.
2. Nemendur skulu gæta þess að ganga ekki að skólabíl fyrir en hann hefur stöðvað og dyr hafa verið opnaðar
3. Nemendur skulu sýna hver öðrum tillitssemi þegar þeir fara inn eða úr skólabíl og forðast allan troðning.
4. Nemendur skulu sýna bílstjóra, gæslufólki og skólasystkinum kurteisi og trufla ekki með óþarfa hávaða eða látum.
5. Nemendur eiga að sitja í sætum með beltin spennt á meðan á akstri stendur.
6. Nemendum ber að ganga vel um skólabílinn.
7. Ef nemandi brýtur framangreindar reglur ítrekað verður honum vísað tímabundið úr skólabílnum á meðan verið er að fara yfir málið og leita leiða til lausnar á vandanum.

Þeir nemendur á Eyrarbakka sem sækja þurfa skóla á Stokkseyri og öfugt eiga rétt á að notafæra sér skólabílinn. Gert er ráð fyrir að þeir nemendur sem heima eiga á Eyrarbakka og stunda nám í skólanum þar gangi í skólann að öllu jöfnu. Sama gildir um nemendur á Stokkseyri sem sækja nám í skólann á Stokkseyri. Þegar veður er vont er skipulagður akstur fyrir alla nemendur, en við slíkar aðstæður má búast við einhverri röskun á stundaskrá.

